

2. fundur Skólaráðs – 25. nóvember 2020.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Ásthildur Knútsdóttir, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Hildur Jóna, Kristín fulltrúar nemendafélagsins, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir (forfallaðist), fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri komst ekki á fundinn. Sigrún Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins dregur sig í hlé frá skólaráði. Þórunn Þórarinsdóttir er gestur fundarins.

Dagskrá:

1. Tómsstunda- og félagsstarf nemenda kynnt af fulltrúum nemendafélagsins.
 2. Söngleikurinn – leikstjóri o.fl.
 3. Lýðræðisþing nemenda og fulltrúar lýðræðisnefndar.
 4. Jólhald í Covid.
 5. Önnur mál.
1. Fulltrúar nemendafélagsins og Þórunn Þórarins segja frá starfsemi félagsins. Þórunn segir frá því helsta sem nemendafélagið er að vinna að í haust sem er mun minna en vanalega vegna sóttvarnarhólfunar. Skipuleggja jólabingó rafrænt, verið að safna vinningum. Ef þetta breytist þá verður happdrætti. Ætla að styrkja Ljónshjarta. Tækla þetta svakalega vel funda á hangouts vikulega. Kristín og Hildur Jóna segja frá því hvernig nemendur upplifa skólastarfið í hólfunum. Nemendum virðist líða vel og finnast þetta notalegur tími og hafa nóg að gera við heimavinnu. Flestir sáttir með þetta. Verið er að undirbúa rafræna söngkeppni. Félagsmiðstöðin er á netinu núna var líka opnuð þannig fyrir miðstigið. Nær núna til fleiri krakka sem ekki komu í félagsmiðstöðina. Á netinu var m.a. fræðsla um andlega heilsu og fleira spennandi framundan.
 2. Söngleikurinn Annie var valinn af nemendum í ár – leikstjóri er Gunnella Hólmarsdóttir, Andrés og Jóhanna verða til aðstoðar. Æfingar ekki farið fram en framundan eru þrjú hólfum um nemendur í hlutverkin.
 3. Lýðræðisþing nemenda var frestað vegna Covid. Ekki er búið að velja fulltrúa í lýðræðisnefnd. Dagur Barnasáttmálans og réttinda barna var 21. nóv. Unnið var í ýmsum bekkjum/hólfum í anda þessa. Við tókum inn efnið um bangsann Blæ, vináttuverkefni á yngsta stigi í anda Barnasáttmálans.
 4. Jólhald í Covid. Undirbúningur er hafinn fyrir jólhald sem verður með breyttu sniði vegna aðstæðna. Reynt verður að hafa sem mest skreytt og eiga góðar stundir á aðventunni saman í hólfum. Óljóst er hvernig skipulag skólalands verður í desember. Búið er að skreyta salinn og jólatré skólans. Nemendur munu skreyta svæði og hurðir á skólastofum. Óljóst er hvort dansað verður kringum jólatré eða unglíngadeildin verður með jólaskemmtun.
 5. Önnur mál – Ekkert sérstakt kom þar fram.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.13:00

Ritari: Hrönn Bergþórsdóttir, skólastjóri